



VÖKTUN FÁLKA 2025

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun, 15. ágúst 2025

Rannsóknir hafa verið stundaðar á stofnvistfræði fálka á Norðausturlandi síðan 1981.¹ Fálkarannsóknasvæðið er um 5300 ferkílómetrar. Fullorðnir fálkar helga sér óðul og búa þar allt sitt líf (1. mynd). Óðalið er hreiðurkletturinn og nánasta umhverfi hans en veiðislóðin er sameiginleg með öðrum fálkum. Fálkaóðulin eru hefðbundin og notuð kynslóð eftir kynslóð. Þegar fálkum fækkar fara einhver óðul úr ábúð, en eru setin á ný er stofninn vex. Aðalfæða fálka öll ár er rjúpa og til að ráða í breytingar á stofnstærð og frjósemi, er nauðsynlegt að hafa glögga mynd af ástandi rjúpnastofnsins.² Í þessum rannsóknum er ábúð á fálkaóðulum metin og þannig fæst vísitala fyrir stærð varpstofns fálka. Einnig er viðkoma fálkanna metin, sem og tímasetning varps og fæðuval þeirra yfir vor og sumar. Rjúpnatalningar eru gerðar á vorin eftir að karrarnir hafa helgað sér óðul og talningar á rjúpuungum eru gerðar síðsumars.




1. mynd. Fullorðinn fálki við hreiður í Suður-Þingeyjarsýslu. Þessi karlfugl ber litmerkið AS rautt á vinstra fæti og var merktur sem ungi í hreiðri sumarið 2011 og því 14 ára gamall. Hann og maki hans komu upp þremur ungum nú í sumar. Ljósmynd Þorfinnur Sigurgeirsson.

¹ <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19010.pdf>

² <https://assets.peregrinefund.org/docs/project-data/book-applied-raptor-ecology/ch-03-applied-raptor-ecology.pdf>



Rjúpnatalningar voru framkvæmdar á sex talningareitum á fálkarannsóknasvæðinu líkt og verið hefur allar götur frá 1981 (2. mynd).³ Samtals eru þessir reitir 26,8 km². Stofnvísitala rjúpunnar er meðalþéttleiki karra á þessum sex reitum. Gildið fyrir 2025 var 10,6 karrar á ferkílómetra (spönn 5,9–14,2; staðalfrávik 3,34). Í samanburði við fyrri ár er varpstofn rjúpu á rannsóknasvæðinu sterkur og gildið fyrir árið í ár er það þriðja hæsta frá upphafi talninga 1981 (3. mynd a). Talningar á rjúpuungum voru gerðar í lok júlí. Við ungatalningarnar var gengið um úthaga á vestanverðu Tjörnesi og allar rjúpur sem fundust voru skráðar. Samtals fundust 89 kvenfuglar en 18 þeirra eða 20% voru án unga (95% öryggismörk voru 13% og 30%, efri og neðri vikmörk).⁴ Meðalfjöldi unga á kvenfugl var 5,1 (spönn 0–18 ungar; staðalfrávik 4,01 ungar). Hlutfall unga í stofni síðsumars var 72% (95% öryggismörk voru 67% og 77%).⁵ Samanborið við fyrri ár var varpárangur rjúpu nú í sumar lélegur og það vekur áhyggjur hvernig þessi þáttur hefur fallið frá aldamótum (3. mynd b). Líklegasta skýringin er áhrif tíðarfars á klakarárangur og lifun unga fyrstu vikunnar.⁶ Hart sex daga langt hret gerði í byrjun júní og áhrif þess komu glöggt fram í viðkomunni.




2. mynd. Fálkarannsóknasvæðið á Norðausturlandi. Rjúpnatalningasvæði eru sýnd með svörtum hringjum.

³ <https://timarit.is/page/4259160#page/n25/mode/2up>

⁴ Útreikningar öryggismarka voru gerðir á vefsíðunni <https://www.danielsoper.com/statcalc/calculator.aspx?id=85>

⁵ Hlutfallið var reiknað út miðað við fjölda kvenfugla sem sáust og að helmingur unga hafi verið kvenkyns.

⁶ https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_47.pdf




3. mynd. (a) Árlegur meðalþéttleiki rjúpukarra á sex talningareitum í Þingeyjarsýslum 1981 til 2025. (b) Viðkoma rjúpu á Norðausturlandi 1964 til 2025. Rauði ferillinn sýnir meginleitni gagnaraðarinnar (LOWESS ferill; locally weighted scatterplot smoothing).

Á fálkarannsóknasvæðinu er vitað um 88 fálkaóðul eða um 14% af þekktum fálkaóðulum á Íslandi (þau eru 647).⁷ Öll þekkt óðul á rannsóknasvæðinu voru heimsótt í sumar til að meta ábúð og 27 þeirra voru setin af fálkum og ábúðarhlutfallið var því 31% (95% öryggismörk voru 21% og 41%; 4. mynd). Fækkun fálka hefur varað í nokkur ár eða frá 2019. Miðað við þetta sex ára tímabil nemur fækkunin 51%, meðalfækkun á ári er því 11%. Í árána rás hefur fálkastofninn risið og hnigið í takt við stofnbreytingar rjúpu og gildin fyrir hlutfall óðala í ábúð voru í sjálfu sér innan eðlilegra marka allt til vors 2022. Það sem hefur gerst síðan með stofnbreytingar er algjörlega út úr kortinu og er verulegt áhyggjuefni. Hvað ræður þessari þróun? Mjög líklega er áhrifavaldurinn fuglaflensa (HPAI: Highly Pathogenic Avian Influenza). Á Bretlandseyjum hófst fuglaflensufaraldur haustið 2020 og þá um veturinn var smit staðfest í fjölda fuglategunda, þar á meðal í heiðagæsum og grágæsum.⁸ Íslenskar heiðagæsir og grágæsir hafa vetursetu á Bretlandseyjum og því má telja nær öruggt að fuglaflensa hafi borist til Íslands með farfuglum strax vorið 2021. Frá ársbyrjun 2021 hafa 22 fálkar verið skimaðir fyrir fuglaflensu, allt fuglar sem fundust dauðir eða deyjandi (5. mynd). Þrettán af þessum fuglum eða 59% voru með flensu (95% öryggismörk voru 36% og 79%). Fyrsta staðfesta flensusmitið í fálka er frá 31. júlí 2021 og það síðasta er frá 14. nóvember 2024. Engir flensusýktir villtir fuglar hafa fundist á Íslandi síðan í febrúar 2025.⁹ Vonandi fer þessum hremmingum að ljúka!

⁷ Náttúrufræðistofnun, óbirt gögn.

⁸ <https://www.gov.uk/government/publications/avian-influenza-in-wild-birds>

⁹ <https://www.mast.is/is/baendur/alifuglaraekt/fuglaflensa>



4. mynd. Ábúð á fálkaóðulum í Þingeyjarsýslum 1981 til 2025.




5. mynd. Fullorðinn fálki með fuglaflensu, Stóri Hamradalur á Reykjanesi 21. nóvember 2022. Fuglinn fannst dauður á sama stað daginn eftir. Ljósmynd Dagur Jónsson.

Hjá tíu fálkapörum komust ungar úr hreiðrum. Varpárangur, það er hlutfall para þar sem ungar komust á legg, var því 37% (95% öryggismörk eru 19% og 58%). Hjá öðrum tíu pörum fundust merki um undirbúning varps, það er fuglarnir höfðu stundað tilhugalíf en ekkert benti til að þeir hefðu náð að




verpa. Þessi ummerki eru dreifar af rjúpnafiðri á plockstöðum við hreiðurklettinn. Við upphaf tilhugalífs, nokkrum vikum fyrir varp, hættir kvenfuglinn að veiða og karlfuglinn ber í hana æti, sem er nær eingöngu rjúpa. Fálkar bera æti heim á hreiðurklettinn aðeins þegar þeir eru í tilhugalífi, meðan kvenfuglinn liggur á eggjum, á meðan ungar eru í hreiðri og eftir að ungarnir eru orðnir fleygir en á framfæri foreldranna, annars er öll bráð étin á veiðistað úti á mörkinni. Á sjö óðulum, sem örugglega voru setin fálkum, fundust engin merki um að fuglarnir hefðu byrjað tilhugalíf. Fjöldi fleygra unga var þekktur fyrir níu af fálkapörunum og meðalgildið var 3,4 ungar (spönn 1–4 ungar; staðalfrávik 1,01 ungi). Umreiknað fyrir unga á óðal í ábúð var meðalgildið 1,3 ungar (spönn 0–4 ungar; staðalfrávik 1,77 ungar). Upphaf varptíma miðað við fyrsta egg var reiknað fyrir 9 af pörunum. Meðalgildið var 2. apríl (spönn 29. mars – 8. apríl, staðalfrávik 4,4 dagar). Meðalgildið fyrir upphaf varptíma hefur aldrei áður verið svona snemma vors. Það skiptir máli við túlkun á frjósemi fálkanna en marktæk tölfræðileg tengsl eru á milli fjölda eggja í hreiðri og upphafs varptíma, því fyrr sem pörin byrja því fleiri eggjum er orpið og unghóparnir stærri sem því nemur. Sama á við um varpárangur og meðalfjölda unga á óðalspar, báðir þessir þættir sýna tölfræðilega marktæk tengsl við upphaf varptíma. Umhverfisþættir sem hafa áhrif á tímasetningu varps eru rjúpnafjöldi og tíðarfar á varptíma.¹⁰ Frjósemi fálka í ár var með allra besta móti ef horft er eingöngu til þeirra para sem komu upp ungum. Reyndar hefur meðalfjöldi unga á varppar aldrei verið hærri en í ár (6. mynd a). Hins vegar fæst nokkuð önnur mynd ef við skoðum frjósemina sem meðalfjölda unga á óðalspar, þar skorar 2025 í meðallagi miðað við önnur ár (6. mynd b). Þetta lága gildi helgast af því hversu stór hluti paranna reyndi ekki varp. Hvað ræður háu hlutfalli geldpara? Gnótt var af rjúpu og tíð góð á varptíma. Mögulega gætir hér áhrifa flensunnar og þá þannig að vegna almennt hárrar dánartölu meðal fálka umliðin ár sé skortur á nýliðum til að fylla upp í skörðin þegar óðalsfálkar falla frá. Þess vegna séu sum óðalanna mögulega setin af stökum fálkum en ekki pörum. Frjósemi fálkanna var mjög lítil sumarið 2024, sama hvaða gildi eru skoðuð (6. mynd a og b).

¹⁰ <https://science.peregrinefund.org/legacy-sites/conference-gyr/proceedings/210-Nielsen.pdf>



6. mynd. Meðalfjöldi fálkaunga á varppar (a) og meðalfjöldi unga á óðalspar (b) miðað við meðaltal upphafs varptíma, Norðausturland 1981 til 2025. Hver punktur táknar eitt ár. Gildin fyrir 2024 og 2025 eru sýnd með fylltum hringjum. Reiknað var línulegt aðhvarf og aðhvarfslínur ásamt með 95% öryggismörkum eru sýndar.

Fæðuleifum var safnað úr 7 hreiðrum. Samtals fundust 675 einstaklingar af 18 tegundum fugla í fæðuleifunum. Rjúpan var langalgengasta bráðin og fyrir samanlagt gagnasafnið var hlutdeild rjúpu 80% miðað við fjölda og 76% miðað við lífmassa. Einu tegundirnar aðrar sem skorðu yfir 5% voru rauðhöfði (9% miðað við fjölda og 11% miðað við lífmassa) og heiðagæs (4% miðað við fjölda og 7% miðað við lífmassa). Það eru marktæk tölfræðileg tengsl á milli stærðar rjúpnastofnsins og mikilvægi rjúpunnar í fæðu fálkanna (7. mynd). Hátt hlutfall rjúpu í sumarfæðu fálkanna 2025 endurspeglar sterkan rjúpnastofn.



7. mynd. Tengsl hlutdeildar rjúpu í fæðu fálka (% af fjölda) við þéttleika rjúpna. Norðausturland 1981 til 2025, hver punktur eru niðurstöður frá einu ári ($n=45$ ár). Gildið fyrir 2025 er sýnt með fylltum hring. Reiknað var línulegt aðhvarf og aðhvarfslína ásamt með 95% öryggismörkum er sýnd.

Samandregið þá sýndi vöktun rjúpu á Norðausturlandi í vor og sumar að varpstofninn var sá þriðji stærsti síðan rannsóknin hófst vorið 1981. Viðkoma rjúpunnar var hins vegar léleg en í takti við þá þróun sem verið hefur frá aldarmótum. Tíðarfar á ungatíma ræður miklu um varpárangur rjúpu og neikvæð þróun þessa þáttar endurspeglar mögulega breytingar á veðurfari. Vöktun fálka sýnir að varpstofninn hefur ekki verið minni frá upphafi rannsókna vorið 1981. Viðkoma fálkanna, miðað við meðalfjölda unga á óðal í ábúð, var í meðallagi þrátt fyrir gnægð rjúpna og góða tíð á varptíma. Fálkum hefur fækkað nær samfelld frá 2019 og fækkunin nemur nú 51% eða að jafnaði um 11% á ári. Stofnstærðargildi voru innan eðlilegra marka allt til ársins 2022 en það sem síðan hefur gerst er án fordæma. Líklegasta skýringin á stofnhruni fálka eru sýkingar vegna fuglainflúensu. Stærstur hluti þeirra fálka sem fundist hafa dauðir eða deyjandi frá og með 2021 eða 59% hafa verið sýktir af fuglainflúensu.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@natt.is eða í síma 843 9935.